

Fundarreglur
yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis við flokkun atkvæða og undirbúning talningar og talningar
atkvæða við kosningar

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Fundarreglur þessar eiga við á þegar yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis kemur saman við flokkun atkvæða og undirbúning talningar sem og við talningu atkvæða.

Allir þeir sem viðstaddir eru flokkun og undirbúning talningar sem og talningu er skylt að hlíta fundarreglum þessum og fyrirmælum sem yfirkjörstjórn gefur.

Yfirkjörstjórn skal tryggja að fundarreglurnar séu sýnilegar og aðgengilegar öllum

Áður en flokkun, undirbúningur talningar og talning hefst skal yfirkjörstjórn kynna reglurnar á upplýsingarfundum sem haldin er með starfsmönnum hennar. Sama gildir um upplýsingarfund sem haldin er með umboðsmönnum framboða.

Kosningareftirlitsmönnum er skylt að hlíta fundarreglum þessum og fyrirmælum sem yfirkjörstjórn gefur.

2. gr.

Almennar háttennisreglur.

Þar sem flokkun, undirbúningur talningar og talning fer fram í Suðurkjördæmi er öllum viðstöddum skylt að fara að tilmælum yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis og hlíta þeim lögum, reglugerðum og reglum sem í gildi eru.

Viðstaddir skulu sýna hver öðrum gagnkvæma kurteisi og tillitssemi við flokkun atkvæða og undirbúning talningar og þegar talning stendur yfir og ekki viðhafa hegðun eða háttsemi sem er til þess fallin að valda röskun eða truflun á störfum yfirkjörstjórnar eða starfsmanna hennar.

3. gr.

Úrræði yfirkjörstjórnar.

Sé reglum þessum eða fyrirmælum yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis ekki fylgt eftir er henni heimilt að áminna viðkomandi. Bókað skal um það í gerðabók og tilefni áminningar. Láti viðkomandi ekki af þeirri háttsemi sém fundið er að, þrátt fyrir áminningu, er heimilt að vísa honum af talningarstað. Bóka skal um brottvísunina og ástæðu hennar í gerðabók.

Samþykktar á fundi yfirkjörstjórnar 27. maí 2024.

Þeir landmenn
Jóns Erlingur Halldórsson
Jóhanna Njálsdóttir
Ólafur Tannfal
Hann Spæriseel